

Ef taka ætti beiðni gerðarbeiðanda til greina, væri það sama sem að fógæti skipaði lögreglustjóra að skrá bifreið Rögnvalds Haraldssonar af hinu umdeilda númeri, en skrá í staðinn bifreið gerðarbeiðanda á sama númer. Fógætaréttur hefur ekki vald til að kveða upp slíka úrskurði. Er því synjað um gerð þessa.

Það er óhjákvæmilegt að úrskurða gerðarbeiðanda til að greiða gerðarþola málskostnað. Hann ákveðst 15.000.00 krónur.

Þorsteinn Thorarensen borgarfégeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Gerð þessi fer ekki fram.

Gerðarbeiðandi greiði gerðarþola kr. 15.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 9. desember 1974.

Nr. 206/1974: **Valdstjórnin**

gegn

Magnúsi Helga Kristjánssyni.

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Þórir Oddsson, fulltrúi yfirsakadómarans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Með kæru 27. nóvember 1974, sem barst Hæstarétti 29. s. m., hefur varnaraðili samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur.

Greinargerð hefur ekki borist af hálfu varnaraðilja.

Ríkissaksóknari krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar. Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 26. nóvember 1974.

Ár 1974, þriðjudaginn 26. nóvember, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var af Þóri Oddssyni, kveðinn upp úrskurður þessi.

Málsatvik.

Kærði, Magnús Helgi Kristjánsson, Lambhóli við Starhaga, var hinn 27. október s.l. úrskurðaður í allt að 60 daga gæsluvarðhald vegna síendurtekinnna brota á almennum hegningarlögum 19/1940. Úrskurði þessum skaut kærði til Hæstaréttar Íslands með kæru, dags. 28. október s.l. Í dómi Hæstaréttar Íslands, sem upp var kveðinn 5. þ. m., segir m. a.: „Með skírskotun til málavaxtalýsingar hins kærða úrskurðar þykir gæsluvarðhaldstími varnaradilja hæfilega ákveðinn allt að 30 dögum frá 27. október 1974 að telja, sbr. 1. og 5. t.l. 67. gr. laga nr. 74/1974“.

Gæsluvarðhaldstími kærða rennur því út í dag.

Við rannsókn máls þessa og yfirheyrslur yfir Þóri Þórissyni, Langholtsvegi 169, Reykjavík, sem einnig situr í gæsluvarðhaldi vegna fjölmargra þjófnaðarbrotu, beindist rökstuddur grunur um aðild kærða að fleiri innbrotum en hann hafði játað. Við frekari yfirheyrslur játaði kærði að hafa í september og október s.l. í félagi við nokkra aðilja aðra brotist inn á 12 stöðum í þjófnaðarskyni:

- 1) Einimelur 14, Reykjavík. Stolið jafnvirði ísl. kr. 130.000.00.
- 2) Laugarásvegur 13, Reykjavík. Stolið ávísun að fjárhæð kr. 36.467.00 og hún seld í banka.
- 3) Bergstaðastræti 79, Reykjavík. Stolið dönskum kr. 2.400.00 og gullhálsmeni.
- 4) Háuhlíð 10, Reykjavík. Telur, að engu hafi verið stolið, en saknað er 2 silfurdala og minnispenings um Kennedy.
- 5) Háuhlíð 20, Reykjavík. Hlutdeild í broti annars.
- 6) Heiðabæ 5, Reykjavík. Stolið sparimerkjum að verðmæti kr. 6.000.00.

- 7) Hringbraut 77, Reykjavík. Engu stolið.
- 8) Sunnubraut 16, Kópavogi. Engu stolið.
- 9) Faxatún 40, Garðahreppi. Stolið 7-8.000.00.
- 10) Lindarflöt 32, Garðahreppi. Stolið ca. 50-60 þús. krónum.
- 11) Sörlaskjól 60, Reykjavík. Engu stolið. Grunaður um aðild.
- 12) Hringbraut 53, Reykjavík. Stolið kr. 50.000.00.

Loks hefur kærði viðurkennt að hafa í félagi við fimm aðilja brotist inn í fjölmarga sumarbústaði við Þingvallavatn í þjófn-aðarskyni, og er rannsókn þeirra mála á frumstigi.

Með dómi sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum 31. október s.l., var kærði dæmdur í 10 mánaða óskilorðsbundið fangelsi, og unir hann þeim dómi, en nokkur bið getur orðið á því, að dómur þessi verði falinn sakadómi Reykjavíkur til fullnustu.

Sakarferill kærða er slíkur, að ekki þykir verða hjá því komist með skírskotun til ofanritaðs og tilvísunar til 5. tl. 67. gr. laga 74/1974 að framlengja gæsluvarðhaldsvist hans enn um sinn, enda eru ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 ákvörðun þessari ekki til fyrirstöðu, þar sem kærði hefur játað háttsemi, sem varðað getur hann fangelsisrefsingu samkvæmt XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákveðst gæsluvarðhaldstíminn allt að 45 dögum.

Úrskurðarorð:

Gæsluvarðhaldsvist Magnúsar Helga Kristjánssonar fram-
lengist um allt að 45 dögum frá lokum varðhaldsvistar hans
samkvæmt úrskurði, uppkveðnum 27. október s.l., eða til
föstudagsins 10. janúar 1975, klukkan 1640.